

Traust - nákvæmt - hnitmiðað

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Okkar nafnkenndasta núlifandi veflistarkona, **Ásgerður Búadóttir** opnaði sl. fimmtudag sýningu á nýu myndverkum í Galleríi Borg og stendur hún til mánaðamóta.

Eftir að hafa litið tilraunir norrænna textílkvenna á Kjarvalsstöðum nú nýverið er það óneitanlega nokkur léttir að sjá þráð og vef ríkjandi atriði á þessum vettvangi, og það sem meira er um vert, fullkomlega í anda núlista, svo sem maður skilur þær og upplifir.

Á stundum nálgast allar þessar tilraunir núlistanna einna vegna að bera meiri keim af útkjálkamennsku og tilraunum leikmanna, en vinnubrögðum atvinnulistamanna, eins og maður skilur þetta orð. Atvinnulistamaður er alvörulistamaður, sem sökkvirkur sér niður í list sína án tillits til þess, hvort hann stundi aðra vinnu. Sköpunin er honum allt, sjálf sköpunin, en ekki endilega þau viðhorf, sem efst eru á baugi í listheiminum hverju sinni, eða réttara sagt — teljast vera það. Og þannig geta einhæfar tilraunir í núlistum snúist upp í andhverfu sína, í stað þess að menn séu að brjóta út úr meintri einangrun. Kannski er þetta angi hinnar alþekktu og hvítleiðu minni-máttarkenndar Norðurlandabúa gagnvart umheiminum og miðstöðvum heimslistarinnar, sem einstakir listamenn reyna stöðugt að hamla gegn, en kenningasmiðir að stuðla að. Jafnvel kynni það að vera skýringin á því, að þetta er mest áberandi í einangraðasta landinu, í öllu falli er of sjaldan hægt að kenna upprunalegan neista í norrænum núlistaverkum.

En það tel ég hinsvegar vel hægt í verkum Ásgerðar Búadóttur þrátt fyrir hina sigildu formrænu umgjörð og nákvæmu vinnubrögð, er byggjast á yfirlegu og fagurfræðilegum kenndum. Það er og vissu mín, að þegar margt er gleymt og grafið, sem nú er hampað og trumba-ur eru bardar fyrir, þá munu myndlistaverk, er slík vinnubrögð prýða, enn í fullu gildi. Það hefur í öllu falli meiri svip af núinu að mínu mati að upplifa þann tíma, sem eitt sjávarfall stendur yfir, á göngu við

ströndina hjá Gróttu, og Ögurstund nefnist, en að lifa sig alfarið inn í það umhverfi og aðstæður, sem útlendir búa við einhvers staðar úti í heimi.



Núlistir eru auðvitað það, sem gert er í samræmi við tíman sem viðkomandi listamaður lifir á og endurspeglar hans nánasta umhverfi og er borið uppi af ótvíræðum listrænum þrótti.

Og þetta er einmitt veigurinn í listsköpun Ásgerðar Búadóttur, svo sem hann kemur fyrir í verkunum nú í Galleríi Borg. Listakonan vinnur í gamalkunnnum formum frá hennar hendi, en eykur við tilbrigði þeirra og litrænan hrynjanda. Það síðasttalda á einnig við, þótt nú takmarki hún sig við hvít blæbrigði í teppunum fjórum, sem nefnast „Ögurstund“ (6-9). Slíkur vefnaður

hrífur augað kannski ekki strax, en hefur alla burði til að vinna á og þá einkum í réttu umhverfi. Veggirnir í Galleríi Borg eru t.d. of samlitir verkunum, til að þau fái notið sín til fulls.

Í fljótu bragði og jafnvel eftir endurtekna skoðun þá þykir manni mestur krafturinn í eldri verkunum á sýningunni t.d. hinni stóru mynd „Norðrið“ frá 1986, sem er fjölþættur og ákaflega formsterkur vefur svo og í hinni keimlíku mynd „Speglun“ frá 1987. Undantekning er þó nýjasta verkið, sem er „Jörð“ frá í ár, en þar fer Ásgerður á kostum í jarðrænni og safaríkri meðhöndlun efniviðsins. Og verkin „Fjarlægð“ I og II eru bæði hlýr og upprunalegur vefnaður, sem hefur yfir sér bestu einkenni listakonunnar Ásgerðar Búadóttur.

Ásgerður Búadóttir: Norðrið. 1986. 227x240 sm.



Tryggið ykkur
Löwenbrau í tíma

Sanitas
dreifir óáfengum Löwenbrau

Húsavík:

Skiptafundur í protabúi Sæblikis hf.

Húsavík.

SKIPTAFUNDUR í protabúi Sæblikis hf., Kópaskeri, var settur á þriðjudaginn á skrifstofu sýslumannsembættisins á Húsavík og haldinn af skiptaráðanda Þingeyjarsýslu, Halldóri Kristinssyni sýslumanni, að viðstöddum bústjóra, Örlygi Hnefí Jónssyni hdl., og nokkrum kröfuhöfðum.

Bústjórinn, Örlygur Hnefill, lagði fram skrár yfir lýstar kröfur í búið en þær námu samtals 147 milljónum króna og þar af almennar kröfur um 43 milljónir króna. Stærstu kröfuhafarnir eru Fiskveiðisjóður og Bygðasjóður. Eignir búans eru skipið Árni á Bakka að tryggingarmati 88,3 milljónir og fasteignir, vélar og lausafé á bókfærðu verði um 25 milljónir króna, eða eignir samtals um 113 milljónir króna.

Bústjóri hefur leigt skipið Árni á Bakka undanfarna 3 mánuði og rækjuvinnslustöð Sæblikis á Kópaskeri, en á fundinum var honum falið að athuga um sölu eignabúsins. Næsti skiptafundur var ákveðinn 18. apríl.

— Fréttaritari